

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helga læknis Guðmundssonar, Siglufirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. febrúar 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Helga læknis Guðmundssonar, Siglufirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Helga læknis Guðmundssonar, Siglufirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 kr., sem nokkrir Siglufirðingar afhentu stofnanda Helga lækni Guðmundssyni, Siglufirði, á sjötugsafmæli hans, 27. maí 1925, til þess að stofna sjóð, er bæri minningu hans og varið yrði samkvæmt hans fyrir-mælum, og eru tekjur sjóðsins vextir og vaxtavextir stofnfjárins og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Peningar sjóðsins skulu geymdir í Sparisjóði Siglufjarðar. Þó getur stjórn sjóðsins ákveðið, að peningar sjóðsins skuli geymast í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, stofnandinn Helgi Guðmundsson, Siglufirði, bæjarfógeti Siglufjarðar og sóknarpresturinn á Siglufirði, en að Helga Guðmundssyni látnum, sjúkrahúslæknirinn á Siglufirði. Nú vill einhver þessara manna ekki taka að sér að vera í stjórn sjóðsins og tilnefnir þá dómsmálaráðherra þá, er til vantar í stjórnina.

5. gr.

Á aldarafmæli stofnandans, 27. maí 1955, skal verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar fátækum sjúklingum í sjúkrahúsi Siglufjarðar, ef sjóðurinn er orðinn 10000 kr. eða meir, og stjórnin telur sjúklingana styrkþurfa. Síðan skal árlega — að svo miklu leyti, sem stjórnin telur sjúklingana styrkþurfa — verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar fátækum sjúklingum í sjúkrahúsinu, unz sjóðurinn er orðinn 50000 kr., úr því $\frac{2}{3}$ vaxtanna, unz sjóðurinn er orðinn 2 miljónir króna, en úr því $\frac{3}{4}$ vaxtanna, en aldrei meir. Þá vexti og þann hluta vaxtanna, sem eigi er úthlutað sem styrk, skal leggja við sjóðinn til æfin-

9 legrar ávöxtunar. Nú er peningaeign sjóðsins orðin hálf milljón króna og getur **16. febr.** stjórn sjóðsins þá ákveðið, að allt að helmingi ársvaxtanna skuli varið til stofnunar og rekstrar barnahælis í Siglufirði. Stjórnin getur og ákveðið með samþykki dómsmálaráðherra og bæjarstjórnar Siglufjarðar, að barnahæli þetta skuli standa á vörnum stað í Fljótum, en hælið skal þó ávallt vera undir stjórn sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar skulu árlega endurskoða reikninga sjóðsins, sem lokið skal eigi síðar en hinum árlegu bæjarreikningum. Bæjarstjórn Siglufjarðar úrskurðar athugasemdir endurskoðenda. Reikningar sjóðsins skulu birtir á sama hátt og bæjarreikningar Siglufjarðar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni aldrei breyta.

10 Staðfesting konungs á skipulagsskrá um Minningarsjóð hjónanna Hall- **17. febr.** dórs J. J. Pálssonar og Ingibjargar G. Friðriksdóttur frá Miðhúsum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 17. febrúar 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um minningarsjóð hjónanna Halldórs J. J. Pálssonar og
Ingibjargar G. Friðriksdóttur frá Miðhúsum í Sveinsstaðahreppi
Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Halldórs J. J. Pálssonar og Ingibjargar G. Friðriksdóttur frá Miðhúsum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 — fimm hundruð og sex krónur, sem Sveinsstaðahreppsbúar gáfu okkur hjónunum 13. okt. 1921 í tilefni 50 ára hjúskapararfæli okkar. Sjóður þessi skal vera órjúfanleg eign Sveinsstaðahrepps.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita fátækum ekkjum styrk úr sjóðnum, sem heimili eiga í Sveinsstaðahreppi, og ekki njóta sveitarstyrks. Ennfremur veita